



*Fyrir mannfólkinu, eins og það er í dag, er aðeins
til ein bjargföst staðreynd – og hún er alltaf sú
sama: dauðinn.*

WALTER BENJAMIN, *Zentralpark*



HÚN HAFÐI EKKI LENGUR TÖLU á þeim sem hún hafði drepð. Það skipti líka engu máli. Gæði voru mikilvægari en magn í flestum fögum. Þannig var það líka í hennar, enda þótt nautnin af frumlegri lausn hefði tapað mesta glansanum með árunum. Oftar en einu sinni hafði hún hugleitt að finna sér eitthvað annað að gera. Lífið var fullt af tækifærum fyrir fólk eins og hana, hugsaði hún endrum og eins. Lygi. Hún var of gömul. Uppgefin, fannst henni. Þetta var það eina sem hún kunni í raun og veru. Og hún var í ábatasömu starfi. Tímakaupið var auðvitað svimandi hátt, en það vantaði bara. Það tæki tíma að koma því aftur í gang.

Það eina sem hún sóttist í raun og veru eftir var að gera ekki neitt. Þar sem hún var staðsett núna var ekkert að gera. Samt var hún ekki ánægð.

Kannski var það eins gott að hin komu ekki með.

Hún var ekki viss.

Gæði vísins voru allavega orðum aukin. Það var bæði dýrt og súrt.



— eitt —

RÉTT FYRIR AUSTAN ÓSLÓ, þar sem ásarinn halla í átt að brautarstöðvarþorpinu sem sum árin fer á kaf í vorflóðunum í Nitelva, höfðu bílarnir gaddfrosið um nóttina. Gangandi vegfarendur drógu húfurnar niður yfir eyrun og vöfðu treflumum þéttar um hálsinn á leið sinni að strætisvagnaskýlinu við þjóðveginn, nístingskaldan kílómetra í burtu. Húsin við litlu botnlangagötuna lokuðu sig af fyrir frostinu með gardinum fyrir gluggunum og sköflum í innkeyrslunni. Í gömlu einbýlishúsi innst og næst skóginum héngu eins metra löng grýlukerti af þakskegginu yfir útidyrnum eins og fyrirboði um slys.

Húsið var hvítt.

Innan við útidyr með blýlögðu gleri og steiptum látúns-hún, vinstra megin við óvenju stóran skála, í vinnuherbergi skreyttu mínímalískum listmunum og íburðarmiklum hús-gögnum, bak við fyrirferðarmikið skrifborð og milli kassa með óopnuðum bréfum, sat andvana kona. Höfuðið hékk aftur á bak, framhandleggirnir hvíldu á stólörmunum. Breiður lækur af storknuðu blóði lá frá neðri vörinni og niður beran hálsinn, skiptist við brjóstin og sameinaðist aftur ofan við stinnan magann. Nefið var líka blóðugt. Í skininu frá loftljósinu varpaði það örvarlaga skugga í átt að dimmu holinu sem eitt sinn hafði verið munnur. Aðeins lítill stubbur var eftir af tungunni sem auðsjáanlega hafði verið fjarlægð af mikilli natni. Sárið var hreint, skorið með hárbeittu áhaldi.

Það var hlýtt í herberginu, næstum heitt.

Fulltrúi rannsóknarlögreglunnar, Sigmund Berli, lokaði loks farsímanum og rýndi á tölvuhitamæli innan við útsýnisgluggann mót suðaustri. Úti var næstum tuttugu og tveggja stiga frost.





– Skrítið að svona rúður skuli ekki springa, sagði hann og bankaði varlega í glerið. – Fjörutíu og sjö stiga hitamunur innan húss og utan. Merkilegt fyrirbæri.

Það virtist enginn vera að hlusta á hann.

Látna konan var nakin innan undir silkislopp með gullnum uppslögum. Beltið lá á gólfinu. Ögn yngri fulltrúi frá lögreglustöðinni í Romerike steig skyndilega eitt skref afturábak er hann kom auga á gulan borðann.

– Djöfullinn, sagði hann og saup hveljur um leið og hann strauk sér um höfuðið. – Mér fannst þetta vera slanga, maður.

Hinn brottnumdi líkamshluti konunnar lá listilega innpakkaður í sellófan á skrifborðsmottunni fyrir framan hana. Broddurinn gægðist út úr rauðum umbúðunum. Minnti á digra og framandi jurt; bleikt kjöt með ljósari bragðlaukum og blárauðum rauðvínslækjum í skorum og fellingum. Hálfómt glas trónði uppi á skjalastafla á borðsendanum. Engin flaska var sjáanleg.

– Getum við ekki að minnsta kosti breitt yfir brjóstin á henni, kjökraði lögreglufulltrúinn. – Það er eitthvað svo núturlegt að láta hana bara vera ...

– Við bíðum með allt slíkt, sagði Sigmund Berli og stakk farsímanum í brjóstvasann.

Hann lagðist á hnén og einblíndi á hina látnu.

– Ég fer ekki ofan af því, muldraði hann. – Þetta mun vekja athygli Yngvars. Og konunnar hans, þess vegna.

– Hvað?

– Ekkert. Vitum við eitthvað um tímasetningu?

Berli kæfði hnerra. Hann fékk suð fyrir eyrun af þögninni í herberginu og um leið og hann reis stirðlega á fætur dustaði hann ímyndað ryk af buxunum. Við dyrnar að skálanum stóð einkennisklæddur maður. Með hendur á baki og tvístígandi án afláts starði hann framhá líkinu út um gluggann. Eitt grenitjáanna var enn með jólaskreytingum. Hér og þar glitti





í ljósin þar sem dagsbirtan náði ekki til, neðan á greinum og undir þykku lagi af snjó.

– Er enginn hér sem veit eitthvað? spurði Berli gramur.

– Eruð þið ekki einu sinni með bráðabirgðatímasetningu á andlátsstundinni?

– Í gærkvöld, sagði hinn loks. – En það er of snemmt ...

– Of snemmt að segja, botnaði Sigmund Berli. – Í gærkvöld. Nokkuð óljóst, sem sagt. Hvar er ...

– Þau eru fjarverandi alla þriðjudaga. Fjölskyldan, það er að segja. Eiginmaður og sex ára dóttir. Ef það er það sem þú ...

Lögreglufulltrúinn brosti hikandi.

– Já, sagði Berli og gekk hálfhring í kringum skrifborðið.

– Tungan, byrjaði hann og rýndi í pakkann á borðmottunni. – Var hún skorin úr á meðan konan var enn á lífi?

– Veit það ekki, sagði lögreglufulltrúinn. – Ég er hérna með skýrsluna handa þér og fyrst rannsókninni er lokið og allt fólk er inni á deild vildirðu kannski ...

– Já, sagði Berli, án þess að fulltrúinn væri alveg viss um hverju hann var að jánka. – Hver uppgötvaði þetta fyrst fjölskyldan var fjarverandi?

– Húshjálpin. Filippínskur maður sem kemur klukkan sex á miðvikudagsmorgnum. Hann byrjar hérna niðri, segir hann, og vinnur upp á við til að vekja ekki fjölskylduna óþarflega snemma. Svefnherbergin eru uppi. Á annarri hæð.

– Já, endurtók Berli áhugalaus. – Fjarverandi alla þriðjudaga?

– Hún hefur sagt frá því sjálf, sagði lögreglufulltrúinn. – Í viðtölum og svoleiðis. Að hún sendi manninn og barnið burt á hverjum þriðjudegi. Að hún fari í gegnum öll bréfin sín sjálf. Leggur sóma sinn í ...

– Mér er sem ég sjái það, tautaði Berli og pikkaði með penna ofan á bréfastafinn í einum kassanum. – Það er hreint





og beint ekki hægt fyrir eina manneskju að komast í gegnum þetta allt saman.

Aftur virti hann lík konunnar fyrir sér.

– *Sic transit gloria mundi*, sagði hann og kíkti niður í munnholið. – Hún hefur ekki mikið gagn af frægðarljómanum núna, maður.

– Við erum með heilmikið safn af myndum og allt á hreinu ...

– Já, já.

Berli bandaði honum frá sér. Þögnin varð yfirþyrmandi að nýju. Enginn virtist á ferli á götunni, engin klukka heyrðist tifa. Það var slökkt á tölvunni. Útvarpið starði þögult á hann með einu rauðu auga úr glerhillurekka við dyrnar. Á breiðri arinhillunni tróndi kanadagæs með þanda vængi. Fætturnir voru upplitaðir, stélið næstum fjaðralaust. Ískaldur dagurinn myndaði litlausan ferning á teppinu innan við suðausturgluggann. Sigmund Berli fann æðasláttinn í gagnaugunum; honum leið eins og hann væri í grafhýsi og hann reyndi að ýta óþægilegri tilfinningunni frá sér með því að strjúka með vísifingrinum niður nefbakið. Hann vissi ekki alveg hvort hann var pirraður eða feiminn. Konan sat enn í stólnum með fæturna sundurglennta og brjóstin ber, gapandi munnurinn tungulaus. Það var eins og óþokkinn hefði ekki einungis rænt konuna mikilvægu líffæri, heldur svipt hana allri mannlegri reisn líka.

– Þið verðið nú alltaf frekar fúllir ef þið eruð kallaðir of seint á vettvang, sagði lögreglufulltrúinn loks. – Við létum því allt standa eins og það var, enda þótt við séum sem sagt búnir með stærsta hlutann af ...

– Við verðum aldrei búnir, sagði Berli. – En takk. Skynsamlegt af ykkur. Sérstaklega með þessa dömu hér. Hafa blöðin komist í ...





– Ekki enn. Við kipptum þeim filippínska inn, hann verður í yfirheyrslu eins lengi og við getum teygt á henni. Vorum eins varkárir og við gátum hér fyrir utan. Sporleit er mikilvæg og sérstaklega í þessum snjó og svona, og nágrannarnir hafa líka lagt heilann í bleyti. Enn sem komið er hefur enginn þeirra getað gefið vísbendingu um neinn. Þeir eru sjálfsagt aðallega uppteknir af nýju prinsessunni.

Eilítið bros hvarf jafnharðan fyrir alvöru málsins:

– En það er ljóst ... Sjálf „Fiona á ferðinni“ myrt. Á sínu eigin heimili og á þennan hátt, þá ...

– Á þennan hátt? sagði Berli og benti með hökunni. – Kæfð, sem sagt?

– Læknirinn áleit það. Hvorki stungusár né skotsár. För á hálsinum, sjáðu ...

– Mmm. Líttu heldur á þetta!

Berli grandskoðaði tunguna sem lá á skrifborðinu. Sellófanið var afar snoturlega brotið eins og belgvíður vasi með opi fyrir tungubroddinn og fallega vængi á báðum hliðum.

– Einna líkast blómkrónu, sagði yngri lögreglumaðurinn og fitjaði upp á nefið. – Með eitthvað svona viðbjóðslegt í miðjunni. Frekar ...

– Áhrifamikið, umlaði Berli. – Ódæðismaðurinn hlýtur að hafa gert þetta fyrirfram. Sé ekki fyrir mér að einhver fremji fyrst morð á þennan hátt og setjist svo niður við origami í rólegheitunum.

– Ég held að hér leiki enginn grunur á neinu kynferðislegu.

– Origami, endurtók Sigmund Berli. – Japönsk pappírsbrotlist. En það ...

– Hvað?

Berli laut enn dýpra yfir afskorna líkamshlutann. Lögreglu-fulltrúinn gerði slíkt hið sama. Þannig stóðu lögreglumennirnir tveir um stund, með hvirflana saman, og fyrr en varði voru þeir farnir að anda í takt.





– Hún var ekki bara skorin úr, sagði Berli loks og rétti úr sér. – Broddurinn er klofinn. Það hefur verið skorið upp í hann að endilöngu.

Einkennisklæddi maðurinn við dyrnar sneri sér að þeim í fyrsta sinn eftir að Sigmund Berli kom á vettvang. Andlitið var án skeggrótar og bólótt eins og á unglingi, tungan rann í sífellu hratt yfir varirnar og barkakýlið hoppaði upp og niður úr þröngum kraganum.

– Má ég fara núna, kjökraði hann hljótt. – Má ég fara?

* * *

– Arfaríki, sagði stelpa brosandí.

Hálfnakinn maðurinn dró blaðið hægt niður eftir hálsinum áður en hann gekk frá hnífnum og sneri sér við. Barnið sat á gólfinu og sleit hárið á sér út í gegnum göt á ónýtri baðhettu.

– Þú getur ekki farið svona, sagði hann. – Taktu hana af þér, ha. Við skulum finna húfuna sem þú fékkst í jólagjöf. Þú vilt vera fin þegar þú hittir systur þína í fyrsta sinn!

– Arfaríki, endurtók Kristiane og dró baðhettuna lengra niður. – Arfakríli. Ríkiskrakki.

– Þú ert kannski að tala um ríkisarfang, sagði Yngvar Stubø og skolaði framan úr sér það sem eftir var af sápufroðunni. – Litlu stelpuna sem á að verða drottning einhvern tíma í framtíðinni.

– Systir mín á að verða drottning, sagði Kristiane. – Þú ert víst stærsti maður í heimi, eiginlega.

– Heldurðu það?

Hann tók stelpuna upp og lét hana sitja klofvega á mjöðm sér. Augu hennar voru á stöðugu flökti og hún deplaði þeim líka ótt og títt. Hún var mögur af næstum tíu ára barni að vera.

– Ríkisarfi, sagði Kristiane upp í loftið.

– Alveg rétt. Við vorum nefnilega ekki þau einu sem eignuðumst lítið barn í dag. Það voru líka ...





– Mette-Marit er svo sæt, greip barnið fram í og klappaði ákaft saman lófunum. – Hún er í sjónvarpinu. Við fengum ostabrauð í morgunmat. Mamma Leonards sagði að það væri fædd prinsessa. Systir mín!

– Já, sagði Yngvar og setti hana niður aftur um leið og hann reyndi að smeygja af henni baðhettunni án þess að hárreita hana um of. – Barnið okkar er sannkölluð prinsessa. En hún er þó ekki ríkisarfi. Hvað finnst þér hún ætti að heita?

Hettan náðist loks af. Löng hár sátu límd innan í henni en Kristiane virtist ekki finna neitt til þegar hann smokraði gúmmíhettunni af henni.

– Abendgebet, sagði hún.

– Það þýðir kvöldbæn, útskýrði hann. – Hún heitir það ekki. Stelpan fyrir ofan rúmið þitt, á ég við. Þetta er þýska og segir hvað stelpan á myndinni gerir áður en hún ...

– Abendgebet, sagði Kristiane.

– Við skulum heyra hvað mamma segir, sagði Yngvar og fór í buxur og skyrtu. – Farðu og finndu hin fötin þín. Við verðum að koma okkur af stað.

– Af stað, sagði Kristiane og fór fram á gang. – Af staðnum. Með kyrnar og hestana og litlu kisurnar. Jack! Kóngurinn af Ameríku! Viltu koma með að heimsækja barnið?

Stærðar hundur, gulbrúnn og vingjarnlegur með lafandi tungu kom flaðrandi út úr barnaherberginu. Hann ýlfraði ákaftur og hljóp í hringi kringum stelpuna.

– Jack verður að vera heima, sagði Yngvar. – Hvar er eiginlega húfan þín?

– Jack á að koma með, sagði Kristiane blíðlega og batt rauðan trefil um hálsinn á hundinum. – Ríkisarfinn er systir hans líka. Í Noregi er jafnrétti. Stelpur mega gera það sem þær vilja. Það segir mamma Leonards. Og þú ert ekki pabbi minn. Isak er pabbi minn. Það segi ég.





– Allt saman rétt, sagði Yngvar hlæjandi. – En mér þyk-
ir rosalega vænt um þig. Og nú verðum við að fara. Jack
verður heima. Það er bannað að fara með hunda á sjúkra-
húsið.

– Sjúkrahús er fyrir sjúklinga, sagði Kristiane þegar hann
klæddi hana í úlpuna. – Barnið er ekki sjúklingur. Mamma er
ekki sjúklingur. Samt eru þær á sjúkrahúsi. Húsasjúki.

– Þú ert pínulítill rökfræðingur, ha.

Hann kyssti hana á munninn og dró húfuna niður yfir
eyrun á henni. Allt í einu starði hún beint í augu hans. Hann
stífnaði upp eins og alltaf á þessum augnablikum einlægni,
þessum skyndilegu gægjugötum inn í tilveru sem engum tókst
almennilega að finna skýringu á.

– Ríkisarfi er fæddur, sagði hún hátíðlega, dró andann djúpt
og vitnaði aftur í sjónvarpsfréttabáttinn frá því um morgun-
inn. – Merkisatburður í lífi þjóðarinnar í öllu landinu en fyrst
og fremst fyrir foreldrana, auðvitað. Og við gleðjumst sérstak-
lega yfir því að það skyldi verða stúlka að þessu sinni.

Hálfkæft hljóðmerki heyrðist úr fatahenginu í forstofunni.

– Farsími, sagði hún vélrænt. – Dam-da-ri-dam.

Yngvar Stubø rétti úr sér og klappaði jakka- og frakkahrúg-
una ákaft utan þar til hann fann það sem hann leitaði að.

– Halló, sagði hann hikandi. – Stubø hér.

Kristiane klæddi sig aftur úr í rólegheitum. Fyrst húfunni
og svo úlpunni.

– Augnablik, sagði Yngvar í símann. – Kristiane! Ekki ...
Bíddu aðeins.

Stelpan var þegar komin úr að mestu leyti. Nú stóð hún
þarna á bleikri brók og peysu. Sökkabuxurnar dró hún yfir
höfuðið.

– Ekki til að tala um. Ég er í fjórtán daga fæðingarorlofi. Ég
hef vakað í meira en sólarhring, Sigmund. Guð minn góður,
barnið mitt fæddist fyrir tæpum fimm tímum og nú ...





Kristiane hagræddi skálmunum á sokkabuxunum framan á maganum á sér eins og löngum fléttum.

– Lína langsokkur, sagði hún ánægð. – Trala-hopp trala-hei.

– Nei, sagði Yngvar svo ákveðið að Kristiane hrökk í kút og brast í grát. – Ég er í fríi. Ég var að eignast barn. Ég ...

Grátur hennar breyttist í langdregið gól. Yngvar vandist aldrei háværum ekkasogunum hjá grannvöxnu barninu.

– Kristiane, sagði hann þreytulega. – Ég er ekki reiður við þig. Ég er að tala við ... Halló? Ég get það ekki. Óháð því hve athyglisvert þetta er allt saman get ég hreinlega ekki yfirgefið fjölskylduna núna. Bless. Gangi þér vel.

Hann smellti lokinu á símann og settist á gólfíð. Þau áttu að vera löngu komin á sjúkrahúsið.

– Kristiane, endurtók hann. – Lína mín litla. Viltu ekki sýna mér herra Niels?

Hann vissi að hann átti ekki að faðma hana að sér. Þess í stað byrjaði hann að blístra. Jack skreið upp í kjöltuna á honum og lagðist til svefns. Það kom bleytubelettur í buxnaskálmna hans undir gapandi kjafti hundsins sem var þegar farinn að hrjóta. Yngvar blístraði, trallaði og raulaði öll barnalögin sem honum komu í hug. Eftir fjörutíu mínútur hljóðnaði gráturinn. Án þess að líta á hann togaði hún sokkabuxurnar af höfðinu á sér og fór að klæða sig, hægt og rólega.

– Það er kominn tími til að heimsækja ríkisarfann, sagði hún eintóna.

Farsíminn hafði hringt sjö sinnum.

Hann slökkti hikandi á honum án þess að hlusta á skilaboðin.

* * *

Heil vika var liðin og lögreglan hafði greinilega ekki komist skrefi lengra. Hún var ekkert hissa á því.



Netdagblöðin eru ömurleg, hugsaði konan með ferðatölvuna. Þar eð hún hafði ekki haft fyrir því að sækja um staðbundna nettengingu var fokdýrt að vera á netinu. Hún var óróleg yfir því að vita peningana streyma burt meðan hún beið eftir tregri tengingu við Noreg. Auðvitað gæti hún sest inn á *Chez Net*. Þeir tóku fimm evrur á korterið og voru með breiðband. Því miður var staðurinn alltaf undirlagður af fullum Áströlum og montnum Bretum, líka núna að vetrinum. Hún gat verið án þess, allavega enn um sinn.

Fyrstu dagana olli morðið undarlega litlu írafári. Þessi konunglegi stelpukrakki sópaði einn að sér allri athyglinni í sirkusnum. Heimurinn vildi sannarlega láta draga sig á asnaeyrunum.

Nú hafði umfjöllunin loksins aukist.

Konan með fartölvuna gat hreinlega ekki þolað Fionu Helle. Það minnti auðvitað óþægilega á pólitískan rétttrúnað að bera slíkar tilfinningar í brjósti, en það varð að hafa sinn gang. Blöðin notuðu orðið „ástæsl“, las hún. Nokkuð rétt, þar eð rúm milljón hafði horft á þættina hvern einasta laugardag, fimm misseri í röð. Hún hafði ekki séð nema tvo, rétt áður en hún fór að heiman. Það var meira en nóg til að sanna henni að hún varð í þetta eina sinn að taka undir fordæmingu menningarelitunnar, sem venjulega einkenndist af óþolandi hroka, á öllu því sem kalla mátti ódýra skemmtun. Það var í rauninni róttæk úttekt af því tagi sem kom fram í grein í *Aftenposten*, skrifaðri af prófessor í félagsfræði, og kom henni til að setjast við skjáinn laugardagskvöld eitt og eyða einum og hálfum tíma í „Fionu á ferðinni“.

Frábært, og ekki til einskis. Það var heil eilífð síðan hún hafði orðið svona æst. Þátttakendurnir voru ýmist fífl eða afar óhamingjusamt fólk. Varla hægt að álasa þeim fyrir hvort heldur sem var. Fiona Helle var aftur á móti klár, kaldrifuð og ekki einu sinni sjálfri sér samkvæm í alþýðleika sínum þar sem





hún rigsaði inn í upptökusalinn, klædd tískufötum, keyptum óendanlega langt frá Hennes & Mauritz. Hún brosti óskammfeilin inn í myndavélina á meðan þessar vesalings mannverur opinberuðu vonlausa drauma sína, sviknar væntingar og síðast en ekki síst takmarkað gáfnafar. Á besta tíma.

Konan sem stóð nú upp frá skrifborðinu við gluggann og gekk um framandi stofuna án þess að vita alveg hvað hún ætlaði sér tók ekki þátt í hinni opinberu umræðu. En eftir einn þátt með „Fionu á ferðinni“ hafði hún fallið í freistni. Er hún var hálfnuð með harmrænt lesendabréf brosti hún að sjálfri sér um leið og hún eyddi skjalinu. Hún hafði verið full gáska það sem eftir lifði kvölds. Svefninn lét ekki á sér kræla og hún lét sig í ofanálag hafa það að glápa á tvær ömurlegar myndir á næturdagskrá TV3 með ákveðnum ávinningi þó, að því er hana minnti.

Að fyllast gremju var að minnsta kosti ein tegund tilfinningasemi.

Og það var ekki hennar tjáningaraðferð að senda lesendabréf í dagblöðin.

Á morgun ætlaði hún að fara til Nice og leita að norskum blöðum.

— tvö —

ÞAÐ VAR NÓTT í tveggja hæða tvíbýlishúsi í Tåsen. Meðfram götustubbum á bak við timburgirðinguna neðst í garðinum stóðu þrír einmana ljósastaurar. Perurnar höfðu fyrir löngu verið skotnar í sundur af óstýrilátum unglingum með

